

Mánudaginn 9. október 1939.

Nr. 89/1939. **Réttvísinn** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Einari Sveinssyni og Jakobi Snorrasyni (Lárus Jóhannesson).

Árás á lögreglumann.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að refsing hinna ákærðu hvors um sig verði 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi óskilorðsbundið.

Eftir þessum málsúrslitum ber hinum ákærðu að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Einar Sveinsson og Jakob Snorrason, sæti hvor um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu- og Akureyrar-
kaupstaðar 27. marz 1939.**

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., gegn þeim Jakobi Snorrasyni og Einari Sveinssyni, múrurum, báðum til heimilis á Akureyri, fyrir brot á 12. kafla almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu, sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928, til hegningar og greiðslu iðgjalda sem og til greiðslu alls kostnaðar, er af máli þessu og rannsókn hefir leitt og kann að leiða. Málavextir eru þessir:

Á síðastliðinni nýjárnsnótt var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu á Akureyri. Var ákveðið að loka húsinu kl. 12,15 um nóttina, en þeir, sem af dansleiknum fóru, máttu ekki koma inn eftir þann tíma.

Yfirlögregluþjónn Jón Benediktsson var beðinn samkvæmt því, sem hann skýrir frá, kl. 4 um nóttina að opna dyr, er liggja inn í danssal hússins til vesturs, til þess að veita hreinu lofti í húsið.

Dyr þessar voru á bakhlið hússins. Tröppur liggja að þeim.

Viðurkennt virðist, að hæðin frá dyrunum til jarðar hafi verið eigi minni en metri.

Yfirlögregluþjónninn segist sjálfur hafa staðið í dyrunum, svo að umgangur yrði ekki um dyrnar. Ákærðir báðir vildu fá að fara út um dyrnar, en um það neitaði yfirlögregluþjónninn, enda segir, að þeir hafi báðir verið berhöfðaðir og sýnilega ætlað að koma inn aftur. Annar hinna ákærðu, Einar Sveinsson, segist hafa sagt við yfirlögregluþjónninn, að ef hann ekki mætti koma inn aftur, þá yrði svo að vera.

Yfirlögregluþjónninn segir, að ákærði Einar Sveinsson hafi reynt að þrýsta sér út úr dyrunum með því að taka vinstri hendi út fyrir dyrastafinn og leggjast upp að sér.

Ákærði hefir aftur sagt, að hann hafi stungið höfðinu með handlegg Jóns, en heldur, að hann hafi ekki tekið í dyrastafinn, en stutt ef til vill hendinni við hann. Yfirlögregluþjónninn skýrir svo frá, að hann hafi, er ákærði reyndi að ýta honum út um dyrnar, lagt hann niður á bekk.

Ákærði streittist á móti, og missti yfirlögregluþjónninn þá húfuna, en er hann ætlaði að taka hana upp, réðst ákærði

á hann og sló hann hnefahögg, og segir yfirlögregluþjónninn, að það hafi verið með fullu afli, og kom höggið á hálsinn og hökuna.

Meðan á viðureigninni stóð, segir yfirlögregluþjónninn, að ákærði hafi rifið tvo hnappa af einkennisbúningi hans, en ákærði veit eigi, hvort hann hefir gert þetta.

Ákærði segir, að högg það, sem hann greiddi yfirlögregluþjóninum, hafi eigi verið mikið.

Ákærður Jakob Snorrason viðurkennir, að hann hafi stjakað yfirlögregluþjóninum út um dyrnar, og féll hann aftur á bak, og í réttarhaldi 13. jan. segist hann hafa hrint honum.

Vitni er og að því, að ákærði hrinti yfirlögregluþjóninum.

Yfirlögregluþjónninn segir, að með orðum sínum: „að ákærði hafi hlaupið á hann“ hafi hann meint það, að hann hafi hrint honum. Yfirlögregluþjónninn kom standandi niður, en eftir hæðinni að dæma, hefði slys getað orðið af, ef lögregluþjónninn hefði misst fótanna.

Afbrot beggja ákærðu, Einars Sveinssonar og Jakobs Snorrasonar, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 101. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 99. gr. Þykir refsing hvors um sig hæfilega ákveðin 30 dagar við venjulegt fangaviðurværi.

En þar sem hinir ákærðu, fyrrnefndur 27 ára og síðarnefndur 24 ára, hafa eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, þá þykir nægja ákvæði (svo) skv. 1. gr. laga nr. 39 16. nóv. 1907, að refsing þessari skuli frestað og hún falli niður eftir 5 ár, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

Skaðabóta hefir eigi verið krafizt.

Svo ber og hinum ákærðu að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun, kr. 60.00, til talsmanns ákærðu, lögfræðings Björns Halldórssonar.

Dráttur á málinu hefir orðið vegna veikinda dómarans, sem hefir verið veikur í tvo mánuði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Einar Sveinsson og Jakob Snorrason, sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu hegningarinnar ber að fresta og hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skil-orð laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907 eru haldin.

Svo ber og ákærðum in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns ákærðu, Björns Halldórssonar, lögfræðings. Dóminum (ber) að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. október 1939.

Nr. 90/1939. Réttvísing og valdstjórnin

gegn

Steingrími Magnúsi Guðmundssyni.

Líkamsáverkar. Öflun frekari skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur fellur á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt, að leitað sé skýrslna fyrir dómi um atriði þau, er nú verða rakin:

1. Vörn sú, sem fram hefir verið flutt fyrir ákærða í hæstarétti, veitir efni til þess, að reynt verði að leiða í ljós, hvort Gunnar Sigursveinn Arnbjörns-son hafi tíðkað komur sínar í húsið nr. 15 A við Njálsgötu og hvort hann hafi kynnt sig þar að svallsemi, áður en atburðir þeir gerðust, er mál þetta er risið af. Ber að leita um þetta skýrslna ákærða og annarra íbúa hússins.

2. Taka ber nákvæma skýrslu af Hjalta Benediktsyni um það, hversu lengi hann og Þorsteinn Þorsteinsson hafi verið búnir að sitja að vındrykkju með Gunnari, áður en hann fór frá þeim, hversu mikil brögð hafi verið að vındrykkjunni og hversu mikið kveðið hafi að hávaða þeim, er Þorsteinn segir þá hafa orðið vara við niðri. Þorsteinn skal einnig rækilegar spurður um þessi atriði.